

Skaðlegar jurtir og tré

Myndir og upplýsingar eru úr bókinni *Slys af völdum efna í heimahúsum*.
Birt í tengslum við námsefnið [Geimálfurinn frá Varslys](#).






Skaðlegar jurtir




Pottaplöntur

Pottaplöntur, sem algengar eru á heimilum, vekja forvitni smábarna sem eiga það t.d. til að stinga upp í sig blöðum þeirra. Margar þessara plantna eru skaðlausar, en nokkrar eru svo eittraðar eða ertandi að börnum getur stafað af þeim hætta eða óþægindi. Þó svo að sjaldan hljótist af alvarleg slys, valda slík óhöpp bæði hræðslu og vanlíðan hjá börnum sem fyrir þeim verða. Okkur ber því skylda til að reyna að koma í veg fyrir að smábörn komist í snertingu við skaðlegar plöntur á heimilum.









Í þessum kafla er fjallað um helstu tegundir pottaplantna sem varast ber að hafa á heimilum smábarna (yngri en 4 ára). Ef einhverjar þessara jurta eru á heimilinu verður að gæta þess að börn nái ekki til þeirra. Smellið á myndirnar til að stækka þær.

Plöntur sem í eru eiturefni sem geta haft áhrif á miðtaugakerfið eða hjartað. Meðal þessara plantna eru:

	Glóðarbros (<i>Lantana camara</i>) Runnkennd planta með eggлага, tenntum blöðum. Blómin eru í hvirfingu, ýmist hvít, gul, bleik eða rauð. Berin eru svört og eru óþroskuð ber skaðlegust.
	Ilmbikar (<i>Brunfelsia calycina</i>) Hálfrunni, allt að 60 sm á hæð. Blöðin eru leðurkennd og blómin purpuralit.
	Klifurlilja (frægðarlilja) (<i>Gloriosa suberba</i>) Vafningsjurt. Blöðin eru fölgræn og ílöng og enda í vafþráðum. Blómin eru stór og skrautleg, krónublöðin rauð með gulum brúnum.
	Kóralkirsiber (<i>Solanum pseudocapsicum</i> / <i>S. capsicastrum</i>) Lágvaxin, runnkennd planta með mjóum og flipóttum blöðum. Blómin eru smá og hvít, berin appelsínugul og rauð.
	Lárviðarrós (nería) (<i>Nerium oleander</i>) Þróttmikil og nokkuð hávaxin planta með löngum og mjóum, leðurkenndum blöðum, grágrænum að lit. Blómin eru ýmist hvít, bleik eða rauðgul. Allir hlutar plöntunnar eru eittraðir.


	Næturstjarna (<i>Pachypodium succulentum</i> o.fl.) og ýmsar aðrar tegundir af neríuætt Plöntur með hnúðrót og sverum stofni. Oft eru þýrnar á stofni og/eða greinum. Blöðin eru mjó og mynda hvirfingu. Blómin geta verið gul, bleik eða rauð.
	Skímurunni (<i>Skimmia japonica</i>) Runnkennd jurt með mjóum og leðurkenndum blöðum. Blómin eru ljósgul og berin rauð.
	Trompetblóm (tindaepli) (<i>Datura candida</i> / <i>D. suaveolens</i>) Runnkennd jurt. Blöðin eru með fingerðum hárum og blómin hanga niður, hvít og afar stór, með afturbeygðum broddum.

Plöntur sem í er safi sem er sérstaklega ertandi fyrir slímhimnu, augu og oft einnig húðina. Meðal þessara plantna eru:

	Englavængur (<i>Caladium bicolor</i>) og aðrar plöntur sömu ættar. Blaðjurt, líkist nykurblaði.
	Bergflétta (<i>Hedera helix</i>) Klifurjurt sem er til í mörgum afbrigðum. Vex í görðum og er einnig algeng sem pottablóm.
	Friðarlilja (<i>Spathiphyllum kochii</i>) Dökkgræn blöð með löngum stilk. Blómið er rjómagulur kólfur á hvítu háblaði.
	Plöntur af helluhnoðraætt (s.s. krákumörvi (<i>Crassula lycopodioides</i>), skrúfumörvi (<i>C. falacta</i>) og paradísartré (<i>C. lucens</i>)) Á þessum plöntum eru þykk og safarík blöð sem geta verið fínhærð (skrúfumörvi).
	Hvítkalla (<i>Zantedeschia aethiopica</i>) Stór, græn blöð á löngum og sverum stilkum. Blómið er gulur kólfur innan í fallega löguðu, hvítu háblaðssliðri.
	Jólastjarna (<i>Euphorbia pulcherrima</i>) Komist safinn í augu er hann mjög ertandi.
	Kærleikstré, ástarviður (<i>Philodendron scandens</i> , <i>P. erubescens</i>) Klifurjurtir með dökkgrænum blöðum sem geta verið með óreglulegum, hvítum flekkjum eða rauð á brúnnum og neðra borði. Einnig eru til plöntur af þessari ætt sem ekki eru klifurjurtir. Blöðin eru stór með áberandi strengjum.
	Köllubróðir (<i>Dieffenbachia</i>) Blaðjurt. Skærgræn blöð með hvítum, ljósgulum eða ljósgrænum yrjum.

	Nykurblað (<i>Alocasia macrorrhiza</i>) Blaðjurt með stórum, hjartalöguðum blöðum. Líkist nokkuð englavæng og kærleikstréi.
	Riddarastjarna (<i>Hippeastrum hortorum</i>) Laukjurt. Stöngullinn er langur og trektlaga, blómin geysistór, hvít, rauð eða bleik.
	Rifblaðka (<i>Monstera deliciosa</i>) Þróttmikil klifurjurt með stórum og afar skörðóttum og götöttum blöðum. Út frá stönglunum hanga loftrætur.
	Röðulblóm (<i>Clivia miniata</i>) Löng og gljáandi, dökkgræn blöð sem vaxa upp frá hnúðlaga stöngli. Rauðgul blóm í klasa á gildum stilk.
	Skýjadís (<i>Syngonium vellozianum</i>) Ýmis afbrigði eru til, en í öllum er mjólk. Blaðlögunin breytist eftir vaxtarstigi. Ung jurt hefur örvarlaga blöð, síðan verða þau þrískipt og loks fimmskipt.
	Vörtumjólk ("High Chapparal") (<i>Euphorbia trigona</i>) Safi þessara jurta er mjög ertandi ef hann kemst í augu.

Auk þess er eftirtalin planta eitruð:







	Stofuprímula (kirtilhár) (<i>primula obconica</i>) Lítið eitruð.
---	--








Fjölær blóm, sumarblóm, blómlaukar og hnúðjurtir

Blóm sem ræktuð eru í görðum og garðskálum freista oft smábarna, líkt og pottaplöntur á heimilum. Flest þessara blóma eru skaðlaus, en til eru tegundir sem eru svo eitruðar eða ertandi að börnum getur stafað af þeim hætta eða óþægindi.



Í þessum kafla er fjallað um hluta þeirra plantna sem er að finna í görðum og garðskálum á Íslandi og sem geta valdið eitrun. Fjallað er um þær plöntur sem taldar er skaðlegastar, ásamt nokkrum plöntum sem ekki eru eins hættulegar en oft er spurt um.







Plöntur sem í eru eitrefni sem geta haft áhrif á miðtaugakerfið eða hjartað. Meðal þessara plantna eru:

	<p>Dalalilja (liljukonval) (<i>Convallaria majalis</i>) Um 10-20 cm há. Stöngullinn er köntóttur og blómin hvít. Getur þroskað ber sem eru rauð með bláum fræjum. Öll plantan er eitruð og hefur áhrif á hjartað. Vatn sem plantan hefur staðið í er ekki eitruð. Meðferð 1 ef borðuð eru fleiri en 2 ber/blóm eða hluti af blaði.</p>
	<p>Akurstjarna (<i>Agrostemma gracilis</i>, <i>A. githago</i>) Loðin planta, 40-100 cm á hæð. Hún er öll eitruð, en mest er af eitrunu í þroskuðum fræjum.</p>
	<p>Fingurbjargarblóm (<i>Digitalis purpurea</i>) Vex bæði í ræktun og villt. Getur orðið allt að 120 cm á hæð. Öll jurtin er eitruð. Í henni eru efni sem hafa áhrif á starfsemi hjartans.</p>
	<p>Fuglamjólk (<i>Ornithogalum umbellatum</i>) Hvít, stjörnulaga blóm í klasa eða hálfsvaip. Eitrefnin eru aðallega í laukunum.</p>
	<p>Haustlilja (eiturlilja) (<i>Colchicum autumnale</i>) Minnir á dvergglilju. 15-20 cm á hæð. Öll jurtin er mjög eitruð. Blöðin spretta á vorin og visna síðan, en á haustin blómstrar plantan.</p>
	<p>Riddaraspori (<i>Delphinium</i>) Til er fjöldi tegunda með blómum í ýmsum litbrigðum. Magn eitrefna er takmarkað. Meðferð 1 ef töluverðu magni af plöntunni hefur verið kyngt.</p>




	Sjaldursjurt (<i>Atropa belladonna</i>) Runnkennd planta. Brún-fjólublá, klukkulaga blóm. Berin eru svört og gláandi. Öll plantan er mjög eitruð.
	Snæklukka (dóróteulilja) (<i>Leucojum vernum</i>) Hvít blóm. Blómbloðin eru þykkari fremst með grænum bletti.
	Túlípani (<i>Tulipa gesneriana</i>) Fjöldi afbrigða er til. Magn eiturefna er óljóst en mest er af þeim í lauknum.
	Úlfabaunir (lúpína) (<i>Lupinus</i>) Ýmis litbrigð eru til. Vex bæði villt og í ræktun. Eiturefni í litlu magni, aðallega í fræjunum.
	Vatsberi (<i>Aquilegia</i>) Blómin eru með löngum og bognum spora. Mörg litbrigði, oft tvílit. Jurtin er talin eitruð en ekki eru til heimildir um að menn hafi beðið tjón af hennar völdum.
	Venusvagn (ljóshjálmur), týshjálmur (<i>Aconitum napellus</i> , A. septentrionale) Venusvagn getur orðið 100-120 cm á hæð. Öll jurtin er eitruð, sérstaklega blöð og rætur. Týshjálmur getur orðið hávaxnari en er ekki eins eitruður. Hann vex villtur víða erlendis.
	Vorgoði (<i>Adonis vernalis</i>) 15-35 cm á hæð. Í plöntunni eru efni sem hafa áhrif á hjartað en hún er þó ekki eins hættuleg og fingurbjargarblóm.



Plöntur sem í eru efni sem hafa ertandi áhrif á slímhimnu, húð og augu.
Meðal þessara plantna eru:

	Bóndarós (<i>Paeonia</i>) Blómin eru stór, einföld eða fyllt, í ýmsum litbrigðum. Í blómum og fræjum er ertandi efni.
	Danskur engifer (<i>Arum maculatum</i>) Jurtin er öll eitruð en þó sérstaklega rótin. Berin eru sæt á bragðið. Mjólkin sem kemur úr jurtinni hefur mjög ertandi áhrif á húð og slímhimnur.

	<p>Geitabjalla (<i>Anemone pulsatilla</i>) Í jurtinni er olía sem hefur mjög ertandi áhrif.</p>
	<p>Goðalilja (<i>Hyacinthus</i>) Til eru mörg afbrigði í hvítum, bláum og bleikum litum.</p>
	<p>Páskalilja og hvítasunnulilja (<i>Narcissus pseudonarcissus</i> og <i>N. poeticus</i>) Til í mörgum afbrigðum. Öll eiga þau það sammerkt að þau geta valdið uppköstum eða niðurgangi, sé plantan sleikt eða hlutum hennar rennt niður.</p>
	<p>Skrautbaunir (<i>Phaseolus coccineus</i>) Vafningsjurt með 3-4 m löngum teinungum. Baunirnar eru hvítar, eða fjólubláar og svartar með marmaraáferð. Aðeins er hættá á eitrun ef borðaðar eru hráar, spírandi eða þurrkaðar baunir. Eitrið eyðist ef þær eru soðnar.</p>
	<p>Sverðlilja (<i>Iris pseudacorus</i>) Í plöntunni er safi sem hefur ertandi áhrif á slímhimnu. Gul sverðlilja er álitin skaðlegust af þeim mörgu tegundum sem til eru. Sé aflangt hýðisaldinið gleypt geta einkennin varað sólarhringum saman.</p>
	<p>Undrablóm (<i>Mirabilis jalapa</i>) Blómin eru ýmist einlit eða með röndum í hvítum, gulum eða rauðum litbrigðum. Jurtin blómstrar í ljósaskiptunum og þegar alskýjað er. Í rötum og aldini er mjög ertandi efni.</p>
	<p>Vörtumjólk (<i>Euphorbia</i>) Margar mismunandi tegundir. Í þeim öllum er mikið af hvítu mjólki sem hefur mjög ertandi áhrif á augu, húð og slímhimnu. Komist mjólkin í augu verður undir eins að skola þau og leita síðan til læknis.</p>

Eftirtaldar jurtir eru einnig til hér á landi:

	<p>Bjarnarkló (<i>Heracleum sibiricum</i>) Allir hlutar eittraðir.</p>
	<p>Dalalilja (<i>Convallaria majalis</i>) Allir hlutar mjög eittraðir.</p>
	<p>Gulltoppur (<i>Cheiranthus cheiri</i>) Fræ eru sérstaklega eitruð.</p>

	Jólarós (Helleborus niger) Allir hlutar eitraðir.
	Kartöflugras (Solanum tuberosum) Allir grænir hlutar eitraðir.





Tré og runnar






Í görðum og garðskálum eru ekki einungis ræktaðar blómplöntur heldur einnig ýmsar tegundir af trjám og runnum. Flestar þeirra eru skaðlausar, en þó eru til tegundir sem eru svo eitraðar eða ertandi að börnum getur stafað af þeim hætta eða óþægindi, t.d. ef þau borða þau.

Í kaflanum er fjallað um hluta þeirra trjáplantna og runna sem finna má í görðum og garðskálum og geta valdið eitrun. Fjallað er um þær plöntur sem taldar er skaðlegastar, ásamt nokkrum plöntum sem ekki eru eins hættulegar en oft berast fyrirspurnir um.




Tré og runnar sem í eru eitrefni sem geta haft áhrif á miðtaugakerfið eða hjartað.






Meðal þessara plantna eru:

	Alparós (lyngrós) (Rhododendron) Runnar sem geta orðið hávaxnir. Blóm í fjölbreytilegum litum eftir tegundum. Öll plantan er eitruð. Nokkuð algeng í ræktun hér.
	Eiturflækja (Solanum dulcamara) Vafningsjurt sem getur orðið 1,5-2 m á hæð. Fjólublá blóm og aflöng, rauð ber, 10-12 mm. Fremur sjaldgæf hér á landi.
	Fagurlim (Buxus sempervirens) Skrautrunni, 2-3 m, sígrænn. Lyktar illa. Ræktun eykst í garðskálum. Algengt er að nota afskornar greinar í skreytingar.
	Fuglatré (Robinia pseudoacacia) Getur orðið 8-10 m hátt. Blóm í löngum klösum. Myndar flata fræbelgi með 3-10 fræjum. Eitrefni er í berki, blöðum og fræjum. Ekki er vitað til þess að þetta tré sé í ræktun hér.



	<p>Gullregn (Laburnum) Ýmsar tegundir eru til. Hér á landi er fjallagullregn (<i>L. alpinum</i>) algengt, svo og garðagullregn (<i>L. watereri</i>). Báðar tegundirnar eru eitraðar og á það við um alla hluta trésins. Oftast eru það fræbelgirnir sem freista barna. Fjallagullregn myndar hér fræbelgi en garðagullregn síður. Í fræbelgnum eru 3-5 fræ. 2-10 fræ geta valdið eitrun hjá börnum. Einkennin geta komið í ljós eftir u.þ.b. 10 mínútur, en einnig geta liðið nokkrar klukkustundir.</p>
	<p>Litunarhrís, ertuhrís og sópar (<i>Genista tinctoria</i>, <i>G. germanica</i> og <i>Cytisus</i>-tegundir) Litunarhrís og ertuhrís eru runnar sem geta orðið um 1 m á hæð og mynda fræbelgi. Ertuhrís hefur þyrnóttar greinar. Á sumum tegundum sópa eru greinarnar stífar og uppréttar en á öðrum skriða þær með jörð. Blómin eru oftast gul. Fræbelgir myndast. Geislasópur er algengur í ræktun hér.</p>
	<p>Markarunni (<i>Ligustrum vulgare</i>) 2-3 m hár runni. Á honum vaxa glansandi, svört ber, 6-8 mm í þvermál.</p>
	<p>Töfratré (<i>Daphne mezereum</i>) Blómgast á vorin, áður en það laufgast. Þroskar rauð ber, u.þ.b. 6 mm í þvermál. Öll plantan er mjög eitruð. Ekki algeng hér en er þó að finna í görðum.</p>
	<p>Ýviður (barrlind) (<i>Taxus baccata</i>) Breiðvaxið tré eða runni. Berin eru rauð og í þeim fræ. Öll plantan er eitruð að frátöldum sjálfum aldinveggnum, fræið innan í berinu er eitrað. Ræktun eykst í görðum og garðskálum hér á landi.</p>

Tré og runnar sem í eru efni sem hafa ertandi áhrif á slímhimnu. Meðal þessara plantna eru:

	<p>Bergflétta (<i>Hedera helix</i>) Klifurjurt sem einnig er algeng sem pottaplanta. Teinungarnir geta orðið 10-12 m. Myndar stór aldin, 8-10 mm. Aldinmyndun er þó sjaldgæf í görðum héraðs.</p>
	<p>Bergsóley (ilmsóley) (<i>Clematis</i>) Ættkvísl klifurplantna sem geta orðið 3-4 m á hæð. Blómin geta verið blá, fjólublá, gul, rauð eða hvít. Ræktun eykst í görðum og garðskálum. Í plöntunni er m.a. mjög ertandi olía. Bragðið er vont.</p>
	<p>Blátoppur, dúntoppur og rauðtoppur (<i>Lonicera coerulea</i>, <i>L. xylosteum</i>, <i>L. tatarica</i>) Runnar sem þroska glansandi ber, 5-6 mm í þvermál. Blátoppur ber dökkblá eða svört ber en hinar tegundirnar rauð ber. Þau sitja tvö og tvö saman á stilk.</p>

	Kristþyrnir (<i>Ilex aquifolium</i>) Stinn, sígræn blöð, venjulega með þyrnum á blaðröndunum. Berin eru rauð. Ræktun eykst hér á landi, t.d. í garðskálum.
	Rauðyllir (<i>Sambucus racemosa</i>) Runni eða tré. Getur orðið allt að 4 m á hæð. Þroskar rauð ber í þéttum klösum (eiginlega steinaldin með 3-5 fræjum).
	Snjóber (<i>Symphoricarpos rivularis</i>) Skrautrunni, 1-1,5 m á hæð. Berin eru hvít, u.þ.b. 1 cm í þvermál, með 2 fræjum. Þau eru sjaldgæf hérlendis en haldast á runnanum langt fram á vetur.
	Úlfarunni (úlfaber) og lamba Runnategundir sem eru fremur sjaldgæfar í görðum hérlendis. Berin geta verið skaðleg ef mikið magn er borðað.
	Vaftoppur og skógartoppur (<i>Lonicera caprifolium</i> og <i>L. periclymenum</i>) Blómviljugar vafningsplöntur, blómin gulhvít. Skógartoppur vex villtur erlendis. Berin eru rauð eða rauðgul.

Eftirtaldir runnar eru einnig til hér á landi:



	Heggur (<i>Prunus patula</i> og <i>serotina</i>) Allir hlutar nema aldinkjöt eru eittraðir.
	Lífviður (<i>Thuja occidentalis</i>) Greinar og nálar eru mjög eittraðar.

Villtar plöntur




Flestar þeirra plantna sem vaxa villtar á Íslandi eru skaðlausar með öllu. Þó eru til nokkrar tegundir sem eru svo eittraðar eða ertandi að börnum getur stafað af þeim hættu eða óþægindi, t.d. ef þau gleypa hluta af plöntunni.



Í þessum kafla er fjallað um hluta þeirra villtu plantna sem geta valdið eitrun. Fjallað er um þær plöntur sem taldar er skaðlegastar (þó sumar þeirra séu sjaldgæfar), ásamt nokkrum plöntum sem ekki eru eins hættulegar en oft er spurt um.

Villtar plöntur sem í eru eitrefni sem geta haft áhrif á miðtaugakerfið eða hjartað. Meðal þessara plantna eru:

	Aronsvöndur (<i>Erisimum hieraciifolium</i>) 40-70 cm á hæð. Stöngullinn sterklegur, blómin gul. Fremur sjaldgæf jurt nema við Mývatn. Í jurtinni, einkum fræjunum, er eitrefni sem hefur áhrif á hjartað.
	Ljósalyng (<i>Andromeda polifolia</i>) Mjög sjaldgæf tegund. Sígræn blöð og klukkulaga, bleik eða hvít blóm. Öll jurtin er eitruð, þó einkum blómin. Brennandi á tungu.

Plöntur sem í eru efni sem hafa ertandi áhrif á slímhimnu og húð. Meðal þessara plantna eru:

	Brennissóley (<i>Ranunculus acris</i>) 15-40 cm á hæð. Gul blóm, 2-2,5 cm í þvermál. Í plöntunni er olía sem er beisk á bragðið. Hefur mjög ertandi áhrif á húð og slímhimnu.
	Ferlaufungur (<i>Paris quadrifolia</i>) 15-35 cm á hæð. Þroskar svarblátt ber, 10-15 mm, með mörgum fræjum. Berið er vont á bragðið.
	Súrun (<i>Rumex</i>) Túnsúra (<i>R. acetosa</i>), hundasúra (<i>R. acetosella</i>) og njóli (<i>R. longifolius</i>). Í jurtum af þessari tegund er m.a. oxalsýra. Bragðið er súrt. Eitrunareinkenni geta komið í ljós eftir nokkra daga ef mikið magn er borðað. Alvarleg eitrun getur skaðað nýrun.

	<p>Ætihvönn (<i>Heracleum mentegazzianum</i>) 50-180 cm á hæð. Í plöntunni er mjög ertandi safi. Nái sólin að skína á húðina þar sem safinn hefur lent myndast á henni rauð útbrot og blöðrur. Getur skilið eftir sig ör og breytingar á litarefnum húðarinnar. Sams konar eitur er í risahvönn (<i>H. sibiricum</i>), sem finnst í görðum hér á landi en vex villt erlendis.</p>
	<p>Skógarsóley, skógarblámi (<i>Anemone nemorosa</i>, <i>A. hepatica</i>) Fallegar og lágvaxnar plöntur með hvítum, rauðum eða bláum blómum. Vaxa villtar erlendis. Í þeim er olía sem er beisk á bragðið og hefur ertandi áhrif á húð og slímhimnu.</p>

Texti birtur með leyfi Landlækniseimbættis. (Slys af völdum efna í heimahúsum, viðbrögð við þeim og varnir, 1994, 2. útgáfa).

Slysavarnafélagið Landsbjörg. Skógarhlíð 14. 105 Reykjavík. Sími: 570 5900.
Fax: 570 5901. Veffang: skrifstofa@landsbjorg.is Vefslóð: www.landsbjorg.is